Námsgrein: Upplýsingatækni 8. bekkur

Kennarar: Arnór Heiðmann

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustund.

Kennsluaðferðir og skipulag: Ýmsum kennsluaðferðum er blandað saman gagnvirkri kennslu, sýnikennslu og sjálfstæðum vinnubrögðum. Megináhersla er lögð á upplýsingalæsi, upplýsingaleit og notkun fjölbreyttra forrita til náms og sköpunar. Jafnframt er lögð áhersla á ábyrga og gagnrýna notkun á gervigreind við verkefnavinnu, ásamt því að kenna góða netmenningu og siðferði í netheimum.

Námsefni:
-Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom eða öðrum forritum sem kennari velur hverju sinni.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar. Áhersla er lögð á:
Læsi	að virkja læsi/upplýsingalæsi nemenda með aðstoð tækninnar. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að kenna nemendum að nota viðeigandi hjálpargögn og forrit. Einnig að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og þjálfun í að leggja mat á áreiðanleika upplýsinga.
Heilbrigði og velferð	að byggja upp og auka sjálfstraust nemenda til í að koma fram og skila eigin verkum.
Lýðræði og mannréttindi	að vera með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að nemendur, út frá eigin forsendum, hafi jöfn tækifæri til náms og nálgunar viðfangsefna.
Sköpun	að hvetja nemendur til sköpunar í gegnum ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.

Kennsla í upplýsingatækni í 8. bekk, Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/ markmið
Upplýsinga- og miðlalæsi	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar, - aflað sér fjölbreyttra heimilda á sjálfstæðan hátt og nýtt þær í rannsóknarverkefni - Nemandi getur greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis, - rætt um áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis - tekið þátt í umræðum um ástæður falsfrétta eða villandi upplýsinga, t.d. þegar fjölmiðlar keppast um að vera fyrstir með fréttirnar eða fá mesta athygli
Sköpun og miðlun	Nemandi getur: - Nemandi getur valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga, - sett upp glærur til að leggja áherslu á ákveðinn hluta kynningarinnar - Nemandi getur valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang, - vistað og deilt skjölum á viðeigandi hátt - Nemandi getur valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun, - hannað einföld grafísk verk með texta og myndum í hönnunarhugbúnaði - unnið með framhaldsaðgerðir í myndvinnsluhugbúnaði, s.s. að fjarlægja bakgrunn, sameina myndir og bæta við áhrifum - kennt fullorðnum að nota tjákn (e. emoji) á viðeigandi hátt
Stafræn borgaravitund	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt, - framkvæmt könnun á sinni eigin skjánotkun yfir lengra tímabil - Nemandi getur þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt, - rætt um ofdeilingu á samfélagsmiðlum og mögulegar afleiðingar hennar - Nemandi getur þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt, - útskýrt og nefnt dæmi um helstu hættur í stafrænu umhverfi

	- bent á leiðir til að verja sig og aðra gegn hættum á netinu - tekið þátt í umræðum um hvað einkennir uppbyggilegt stafrænt umhverfi
Lausnaleit	Nemandi getur: - Nemandi getur nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni, - verið óhræddur við að prófa sig áfram til að læra á hugbúnað og tæki - nýtt fjölbreytt jaðartæki til náms og sköpunar
Námsmat	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennara. -Virkni og þátttaka í tímum.